

# Veitingastofan Gullfoss, Hafnarstræti 17

Ég hitti Axel Sigurðsson að máli í marsmánuði 1981. Hann kvaðst þá vera orðinn svo gleyminn að hann væri ekki fær um að gera skilmerkilega og skipulega grein fyrir veitingaferli sínum. Enda þótt ég sannfærðist um að minni Axels væri nú orðið mjög ótraust taldi ég rétt að skrá nokkur meginatriði þess sem við ræddum. Mér lék einkum hugur á að fá upplýsingar Axels um veitingastofuna Gullfoss Hafnarstræti 17 bæði vegna þess hve kunn hún var á stríðsárunum og einnig sökum þess að ég vissi ekki betur en að þar hefði Axel verið með þann eina eigin veitingarekstur sem hann hélt uppi. Í samtali okkar kom raunar í ljós að á stríðsárunum hafði hann einnig verið með eigin veitingarekstur að Baldurshaga. Ekki reyndist þó unnt að fá svo greinagóðar upplýsingar um Baldurshaga að á þeim yrði neitt ráðið með sannindum. Mundi Axel t.d. ekki hvaða ár hann hefði haldið uppi veitingarekstri að Baldurshaga. Sama er að segja um veitingastörf Axels í Vestmannaeyjum. Hann mun hafa unnið þar á veitingastöðunum Mávahlíð og Hótel Berg. Hann vann í nokkra mánuði á hvorum stað. Ekki mundi Axel nein ártöl í sambandi við störf í Vestmannaeyjum. Saga Axels, skráð með þeim fyrirvara um ótraust minni sem áður hefur verið frá greint, er þessi:

Axel Sigurðsson fæddist á Þingeyri 25. janúar 1902. Hann fór ungur til sjós. Á Ísafirði sótti hann námskeið í skipsstjórn og vélgæslu. Axel vann nokkur sumur hjá Steini Ólafssyni bakara á Þingeyri. Árið 1923 ákvað Axel að læra bakaraiðn hjá Theodor Magnússyni sem rak brauðgerð á Frakkastíg 14. Hann lauk sveinsprófi að þremur árum liðnum. Árið 1927 fór Axel til Kaupmannahafnar. Hann var þá orðinn afhuga bakarastörfum og ákvað að læra matreiðslu. Fyrir milligöngu Jónasar Lárussonar, sem var þá bryti á Gullfossi, komst Axel til náms hjá veitingamanni í Tívolí. Haustið 1927 fór Axel til matreiðslunáms á Skydebanen. Þar var hann í tvö ár. Axel lauk ekki matreiðslunámi. Hann segir ástæðuna hafa verið þá að Jónas Lárusson, sem enn var þá bryti á Gullfossi, bauð Axel þá stöðu yfirmatsveins á Gullfossi. Axel sagðist hafa tekið við því starfi 1. júní 1929. Þeim starfa gegndi hann

allt til þess er Gullfoss var hertekinn af Þjóðverjum í Kaupmannahöfn í maímánuði 1940. Axel var svo ásamt öðrum skipverjum af Gullfossi í Kaupmannahöfn þangað til þeir komust heim til Íslands um Petsamo haustið 1940.

Eftir heimkomuna til Íslands fékk Axel vinnu á Central Hafnarstræti 18. Eigendur Central vóru þá Már Benediktsson og Sverrir Sigurðsson. Þar telur Axel sig hafa séð um veitingareksturinn. Ekki telur Axel sig muna nákvæmlega hvenær hann hætti störfum á Central og keypti veitingastofuna Brytann í Hafnarstræti 17. Hann segir að starfstímabilið á Central hafi verið fremur stutt, en vill ekki nefna þar nein tímamörk. Axel hóf sjálfstæðan veitingarekstur að Hafnarstræti 17. Þar hafði Ólafur Ólafsson komið upp veitingastofu sem hann nefndi Brytann. Þessi veitingastofa var á fyrstu hæð hússins. Inn í hann var bæði gengið frá Hafnarstræti og Tryggvagötu. Axel telur að 15 borð hafi verið í veitingastofunni. Þarna var almenn matsala. Aðalviðskiptavinirnir voru verkamenn og hermenn. Til dæmis um viðskipti hermanna, sem keyptu mikið af spældum eggjum, segir Axel að einn daginn hafi hámarkstala spældra eggja orðið 2300.

Þrátt fyrir mikil viðskipti segir Axel að rekturinn hafi ekki reynst mjög arðbær. Sjálfur segir hann að óregla sín á þessu árabili hafi leitt til þess að bókhald var lítið sem ekkert og þess vegna illa fylgst með fjárreiðum. Leiddi þetta til þess að veitingareksturinn stöðvaðist og varð Axel þá gjaldþrota. Ólafur Ólafsson eignaðist þá veitingastofuna á ný. Axel telur að það hafi verið árið 1947. Eins og fyrr segir nefndi Ólafur veitingastað sinn Brytann. Axel breytti nafninu í Gullfoss. Eftir að Ólafur eignaðist veitingastofuna á ný gaf hann henni hið fyrra heiti. Hét hún Brytinn upp frá því.

Eftir því sem næst verður komist af frásögnum Axels mun hann hafa haldið uppi starfsemi í veitingastofunni Gullfoss Hafnarstræti 17 frá 1941 til 1947. Einhvern tíma á þessu árabili annaðist Axel eigin veitingarekstur að Baldurshaga. Af frásögnum hans verður ekki ráðið hve lengi það var. Nokkru eftir að Axel hóf veitingasölu að Baldurshaga brann veitingaskúrinn. Var svo annar reistur í

hans stað. Axel telur að veitingareksturinn að Baldurshaga hafi aðallega byggst á viðskiptum við hermenn. Þegar þeim fækkaði lagðist veitingareksturinn niður.

Fróðlegt væri að reyna að fá upplýsingar um veitingastarfsemina að Baldurshaga. En það er ekki unnt með hjálp Axels Sigurðssonar þar sem hann virðist nú vera búinn að gleyma öllu frásagnarverðu um þá starfsemi. Upplýsinga um Baldurshaga verður þess vegna að leita á öðrum slóðum. Eftir að Axel varð gjaldþrota, sem hann telur að hafi orðið árið 1947, fór hann aftur á sjóinn, fyrst á skip Skeljungs. Síðar veitti hann forstöðu mótuneyti í Vestmannaeyjum, var þar sumarið 1948 en fór svo aftur til sjós þar sem hann var matsveinn. Hann segist hafa orðið fastráðinn matsveinn á Gullfossi Eimskipafélagsins árið 1961 og verið þar til ársins 1972 er hann lét af störfum vegna aldurs. Eftir það hefur hann unnið við ýmis konar störf nú síðast í verslun sonar síns Guðmundar Axelssonar að Klausturhólum.

Eins og að framan segir er Axel nú orðinn svo gleyminn að naumst er unnt að treysta fullyrðingum hans einum saman. Og að því er varðar starfsemina að Hafnarstræti 17 og Baldurshaga hefur mér enn ekki tekist að hafa upp á neinum sem getur fyllt í þau skörð sem enn eru opin í frásögnum Axels Sigurðssonar. ✨

Apríl 1981